



BOLUNGARVÍK

**Viðbragðsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar
vegna Covid-19 faraldursins**

26. október 2020

Útgáfa 9

Vegna Covid-19 faraldursins verður starfsemi og þjónusta sveitarfélagsins með breyttu sniði. Þessi tilmæli gilda að óbreyttu til 10. nóvember 2020.

Bolungarvíkurkaupstaður beinir því til starfsfólks að reyna að takmarka ferðalög eins og kostur er í samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda.

Bolungarvíkurkaupstaður ætlast til þess að þeir starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.

Þeir sem eru með einkenni eiga ekki að mæta í vinnu en óska eftir skimun við Heilbrigðisstofun Vestfjarða og meðan beðið er niðurstöðu þá sé viðkomandi í úrvinnslusóttkví. Sama gildir þegar maki eða annað heimilisfólk þurfa að fara í úrvinnslusóttkví, þá eiga starfsmenn að vera í úrvinnslusóttkví þangað til niðurstaða úr skimun liggur fyrir.

Íþróttamiðstöðin Árbær

20 mega vera í sundi í einu og eiga að virða 2 metra regluna.

20 mega vera í íþróttasalnum í einu og eiga að virða 2 metra regluna.

10 mega vera í Gunnarsstofu í einu og eiga að virða 2 metra regluna.

Þrekloft er lokað, nudd fellur niður og gufa er lokað.

Starfsfólk beri grímu við afgreiðslu og í klefum og virði 2 metra regluna.

Tónlistarskóli Bolungarvíkur

Allir nemendur 16 ára og eldri eiga að vera með grímu í skólanum og kennarar 16 ára og eldri nemenda eiga einnig að vera með grímu þegar kennsla 16 ára og eldri nemenda fer fram.

Nemendur setji upp grímu áður en komið er í skólann. Kennarar og 16 ára og eldri nemendur virði 2 metra regluna. Starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.

Leikskóli

Allir foreldrar og forráðamenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu ef þeir þurfa að koma inn í skólann næstu 5 virka daga eftir heimkomu. Starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.

Grunnskóli

Allir foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að koma ekki í skólann að óþörfu en ef þess gerist þörf þá beri þeir grímu, spritti sig, gæti vel að sóttvörnum og virði 2 metra regluna. Starfsmenn sem koma frá höfuðborgarsvæðinu beri grímu á vinnustað næstu 5 virka daga eftir heimkomu.

Hafnarvog

Heimsóknir eru bannaðar. Einungis starfsmönnum hafnarinnar er heimilt að nýta húsnæði hafnarvogar á tímabilinu.

Þjónustumiðstöð í Ráðhúsi

Allir sem koma inn í þjónustumiðstöðina beri grímu og virði 2 metra regluna.

Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar beri grímu og virði 2 metra regluna.